

LISTIR

Garður jarðneskra lystisemda

MYNDLIST


Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhúsinu

BLÖNDUÐ TÆKNI – FABRICE HYBERT

Til 14. maí. Opíð daglega frá kl. 10–18. Aðgangur kr. 400.

PEGAR Fabrice Hybert hreppi gulljónið í Feneyjum árið 1997, fyrir athyglisverðasta þjóðskálann á Tvíæringnum í Feneyjum, var hann yngsti gulljónshafinn í sögu hinnar aldargömlu alþjóðasýningar. Hann betrubætti meir að segja met Roberts Rauschenberg frá 1964, en það ár varð Texasbúinn fjölhæfi langyngsti handhafi Grand prix-verðlaunanna frá upphafi Tvíæringssins. En skipan Hybert í Franska skálanum í Kastalagörðunum var einnig nýlunda sökum þess að enginn sýningarstjóri fylgdi honum og verkið var „verk í þróun“, og hélt því áfram að taka breytingum eftir því sem á leið sýninguna. Slíkur spuni hafði ekki áður verið sýndur á Tvíæringnum í Feneyjum.

Ef til vill er það meira en táknrænt að þeir Rauschenberg og Hybert skyldu slá svo rækilega í gegn á þessari elstu myndlistarhátíð í heimi, jafnangir og þeir annars voru. Er það tilviljun að báðir listamenn skuli standa traustum fótum í malaralístinni en vera þó svo gagnsteknir af leikrænni tjáningu, að ógleymdri myndlistinni sem nútímallegu margmiðlunartæki, að þeir kjósa að vera engum einum miðli trúir heldur nýta sér allar samskiptanýjungar líkt og þær væru sniðnar fyrir tjáningu þeirra? Eau d'or, Eau dort, Odor, en það var vinnuheiti verksins sem Hybert setti upp í Franska skálanum á Tvíæringnum í Feneyjum, árið 1997, var alldæmigert fyrir karnival-stemningu



Ljósmynd/Halldór Björn

Ein af hurðunum að hliðarherbergjunum í Franska skálanum í Feneyjum, 1997.

una sem listamaðurinn skapar kringum sig. Titill verksins er hljómrænn orðaleikur því „gullvatn, vatnið sefur og ilmur“ eru orð og orðasambönd sem hljóma eins á frönsku þótt rithátturinn sé gjörólíkur. Til að undirstrika basarkennt og tilraunaskotið andrúmsloftið var tjaldað heljarmiklu og skrautlegu hirðingjatjaldi í miðrýminu, stærsta herberginu í skálanum. Í hring undir tjaldinu voru fimmtán sjónvarpsskermar með þáttum, auglýsingum, viðtölum og öðru upplýsingatengdu efni sem Hybert bjó til á staðnum. Alls varð þetta dagskrá sem dugði í heila fimmtán daga.

Upptökurnar fóru fram í hliðarherbergjum út af miðsalnum og voru upptökuherbergin stúkuð af með einföldum vidarhurðum sem voru skornar út með óreglulegum götum í einhvers konar arabískum stíl svo hægt var að sjá inn í herbergin án þess að komast þangað inn. Þessi afstúkuðu hliðarherbergi kallaði Hybert „eyru“ verksins, en „pavil-

lon“ á frönsku þýðir bæði garðskáli og úteyra. Upptökuverin voru því sannkallaðar hlustir sem fylgdust með öllu sem var að gerast á svæðinu meðan á uppsetningu verksins og verka allra annarra listamanna í Kastalagörðunum stóð.

Sú áratáta að vilja smyrja verk sitt öllum öðrum verkum og draga inn í þau allan heiminn – allar aðrar listgreinar þar meðtaldar – sameinar þá Hybert og Rauschenberg, þótt auðvitað sé milli þeirra kynslóðabil sem veldur því að framsetningin virðist gjörólík. Gleytum því þó ekki að málverkaröð Hybert „Mutation“, eða Sambræðsla, frá 1986, minnir óneitanlega á assamblage-myndir Rauschenberg frá sjötta áratugnum. Þá eru báðir óþægir þeim galleristum sem ná vilja þeim í raðir listamanna sinna. Hybert forðast alla bindandi samninga við gallerí, en þá ber þess að gæta að hann er sú tegund listamanns sem nýtur þess að vasast í öllu og gripa tækifærið þegar það gefst. Þannig listamaður á erfitt með að beygja sig undir galleriagann sem heimtar oft en ekki vel undirbúin verk og skýrt afmarkaða útfærslu.

Af þessu má ráða að hetjur Hybert eru gömlu Flúxararnir, þeir Robert Filliou og Joseph Beuys. Þá svipar teiknistíll hans og vatnslitakni til Claes Oldenburg, en epíkúrsk munaðarstefna, með táknmáli matar og kynlífs í öllu og út um allt, er þeim einnig bersýnilega í blóð borin. Að sama skapi finnst honum greinilega minna til naumhyggjunnar – minimalismans – koma með sína kynstýfðu og hreintrárlægu meinlaetasýn. Hann gengur þess ekki dulinn að libidínski – af freudíska hugtakinu libidó – flæðilist Fluxusmanna stendur honum langt um nær þótt vissulega sé hún stundum mistæk fagurfræðilega séð. Ef til vill er þetta atriði hið athyglisverðasta í fari Hybert, því frönsk listhugsun er sjaldnast á bandi Rabelais



Ljósmynd/Halldór Björn

Hirðingjatjaldið og sjónvarpsskermarnir í „Eau d'or, Eau dort, ODOR“, skipan Fabrice Hybert í Franska skálanum á Tvíæringnum í Feneyjum, 1997.



Morgunblaðið/Halldór Björn

Skipan Fabrice Hybert í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsinu.

en þeim mun oftast í takt við Pascal. Fágúð og stríð fagmennska er miklu algengari á þeim bænum en baktínsk hofmannaglettni og grallaraskapur.

Allt þetta er vert að hafa í huga þegar skipan Fabrice Hybert í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsinu er skoðuð. Trjálundum er dreift í pottum um allt svæðið en í rjóðrum grillir í sjónvarpsskjá hér og hvar. Hið austurlenska minni um aldingaröðin er Hybert jafn nærtækt og basarmeningin, arabeskurnar, damaskefnið, persnesku teppin og uppstoppuðu dýrin. Hans annað sjálf – alter ego – Eliane Pine-Carrington, er kennslukona, hefðarfrú, húsmóðir og sjónvarpsráðgjafi. Vissulega verður áhorfanda hugsað til Rose Selavy – Eros, c'est la vie – kvenpersónunnar sem Marcel

Duchamp skóp um 1920, sem einhvers konar glannasvar við næsta lygilegum framgangi tiskudrottningarinnar Coco Chanel.

Eins og við almenningur er Eliane Pine-Carrington mikill áhugamaður um hvers konar trjárækt þótt hún sé um leið dauðhrædd við sjálfa náttúruna.

Tvískinnungurinn sem Hybert hendir á loft sem hálfmóðursjúkur og trúðslegur látbragðsleikari hefur nefnilega elt okkur frá upphafi vega. Við fyrirliðum villmennskuna í aldingaröðinum en söknum hennar þó svo óendanlega að menningin ætlar okkur lifandi að kæfa í hvert sinn sem gömlu góðu líkamsvessarnir láta á sér kræla.

Halldór Björn Runólfsson

Sýningum lýkur

Listasalurinn Man, Skólavörðustíg

Myndlistarsýningu Rúnu Gísladóttur lýkur á sunnudag. Þar sýnir Rúna 32 myndir unnar á pappír með blandaðri tækni/collage.

Í umfjöllun um sýninguna í blaðinu í gær urðu þau mistök að myndin sneri vitlaust. Um leið og myndin birtist aftur er beðist velvirðingar á því.

Áhaldahúsið, Vestmannaeyjum

Um helgina er síðasta helgi þriðju sýningar á Myndlistarvori Íslandsbanka í Vestmannaeyjum.

Um er að ræða samsýningu myndlistarmannanna Birgis Andrésónar, Ólafs Lárússonar og Kristjáns Guðmundssonar. Gestur þeirra á sýningunni er listamaðurinn Ásgeir Lárússon.

Sýningin verður opin frá kl. 14–18 laugardaginn 13. maí og sunnudaginn 14. maí. Aðgangur ókeypis.

Gallerí Fold, Rauðarárstíg

Málverkasýningu Þorsteins Helgasonar í Baksalnum lýkur á



sunnudag. Sýningin hefur yfirskriftina Vorfantasía.

Gallerí Fold er opíð daglega frá kl. 10–18, laugardaga til kl. 17 og sunnudaga kl. 14–17.

Listasafn ASÍ, Freyjugötu 41

Sýningu Guðjóns Ketilssonar og Gretars Reynissonar lýkur á sunnudag. Á sýningu Guðjóns í Ásmundarsal eru tvær myndræðir, lágmyndir, sem vísa í þekkt myndverk úr listasögunni. Verkin eru unnin í tré.

Á sýningu Gretars í Gryfjunni eru 12 plattar, einn fyrir hvern mánuð ársins 1999, ásamt 12 „kaffibókum“ með 365 kaffiförum eftir kaffibolla, eitt far fyrir hvern dag ársins 1999. Listasafn ASÍ er opíð alla daga, nema mánudaga, frá kl. 14–18.

Landar Birgis

MYNDLIST

Listasafn Íslands

BIRGIR ANDRÉSSON
LJÓSMYNDIR OG
LOPAFÁNAR

Sýningin er opin frá 11 til 17 og stendur til 14. maí.

EINAR stopp og Óli gossari, Stutta Sigga og Gunna stóra. Einar litlipóstur og Imba slæpa, Trippa-Gíslu, Óli Maggadon og Ásta-Brandur, að ógleymdum nöfnunum Jóni sinnepi, Jóni söðla og Jóni goskara – allt hefur þetta fólk skráð sig á spjöld Íslandssögunnar með eftirminnilegum hætti þótt ekki hafi það talist til fyrirfólks eða þótt skila miklu til samtíma síns. Þetta eru förumenn og -konur, niðursetningar, drykkju-menn, sérvitringar og sagnamenn sem á nítjándu öld og á fyrstu áratugum þeirrar tuttugustu flokkuðu um landið og betluðu, drukku og fleygðu fram vísun sem ýmist lofuðu hina örlátu eða níðu þá sem fastheldnari voru á mat og húsaskjól. Þetta fólk gerði Birgir Andrésón að umfjöllunarefni í mikilli myndröð sem hann vann árið 1991 og er nú til sýnis í Listasafni Íslands. Á sýningunni eru eftirtökur af sextíu myndum þar sem þessi undarlegu nöfn, mörg þeirra kunnugleg úr sögum, lifna í svip fólksins sem þau bar og úr andlitunum má



Frá sýningu Birgis Andrésónar.

lesa allt sem gerði þessar manneskjur sérstakar – manneskjurnar sem Birgir kýs að kalla annars vegar fólk. Fyrir enda salarins þar sem myndirnar hanga í röðum eftir veggjunum blakta síðan íslenskir fánar, þrjónaðir úr ull og í sauðalitunum, sem Birgir sýndi þegar hann var fulltrúi Íslands á tvíæringnum í Feneyjum árið 1995.

Verk Birgis hafa um langt skeið fjallað um sjálfsskilning Íslendinga, táknmyndir þjóðarinnar og hinar formrænu birtingarmyndir þjóðararfsins, það hvernig minni fortíðarinnar hafa verið bundin í ákveðin form og ákveðna uppbyggingu mynda og hugtaka. Þannig hefur Birgir lagt drjúgan skerf til gagnrýnnar umfjöllunar um sjálfsmýndir þjóðarinnar og þá sjálfsskilningu sem við, eins og allar aðrar þjóðir, viðhöfum þegar við fjöllum um fortíð okkar og uppruna. Myndröðin um annars vegar fólkið er liður í þessari gagnrýnu umfjöllun Birgis en í henni dregur hann fram úrhrök samfélagsins og hyllir þau sem þjóðhetjur. Í því samhengi er einmitt einkar vel til fundið að setja

fánana upp í salnum þótt þeir tilheyri ekki sama verki; hér er flaggað í litum sauðkindarinnar fyrir þeim sem ávallt voru utanveltu í bændasamfélaginu, því samfélagi sem flestir þekka nú fyrst og fremst sveipað rómantískum ljóma hjarðkvæða og -sagna.

Birgir hefur sýnt mikið og allmörg verk eru til á söfnum eftir hann og eru gjarnan tínd til þegar settar eru upp yfirlitssýningar á samtímalist. Hér hefur hins vegar verið tekinn heill salur undir verk hans og tengdir saman tveir þræðir – og tvö tímabil – í ferli hans: Annars vegar hin frásagnarlega tilhneiging sem birtist í myndunum og einnig í ýmsum nýrri verkum, en hins vegar hin formræna og litafræðilega greining sem fánarnir eru dæmi um líkt og skáparnir sem Birgir sýndi nýlega í gallerí ið við Ingólfsstræti. Með þessu móti fá áhorfendur skemmtilega og fræðandi innsýn í samhengið í verkum Birgis og efnis-tökum.

Jón Proppé